

Nd.

114. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Thor Thors.

1. gr.

Á eftir B. 8. í 2. gr. laganna bætist fjórir nýir liðir:

- a. Jökulsvegur: Frá vegamótum austan Fróðárheiðar um Breiðuvík til Hellusands.
- b. Eyrarsveitarvegur: Frá Stykkishólmsvegi um Helgafellssveit til Eyrarsveitar.
- c. Skógarstrandarvegur: Frá Vogaskeiði í Helgafellssveit um Skógarströnd að Skógstagli í Miðdölum.
- d. Hnappadalsvegur: Frá Stykkishólmsvegi um Hnappadal og Heydal að Bilduhóli á Skógarströnd.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. eindregnum óskum hreppsnefnda og héraðsbúa þeirra, er hér eiga hlut að máli. Þegar vegalögnum var breytt árið 1933, var látið hjá liða að taka í þjóðvegatölu þær leiðir, sem frv. þetta fjallar um. Liggja til þess sterk rök, að þetta verði leiðrétt þegar í stað og sveitum þessum ásamt kaupúninu á Hellusandi komið í viðunandi samband við vegakerfi landsins, svo fljótt sem fjárhagur ríkissjóðs fær leyft.

Um hina einstöku vegi skal þessa getið:

Jökulsvegur er ætlað að liggi um Breiðuvík, Hellna og Beruvík til Hellusands. Hefir hann í fyrsta lagi þá þýðingu að koma sveit þessari í vegasamband, en mjög riður á því fyrir bændur þar, einkum þegar þess er gætt, að nú er fyrirhugað að koma upp mjólkurbúi á sunnanverðu Snæfellsnesi, og má telja, að Breiðvíkingum sé varnað viðskipta við það, vegna vegaleysis. Ennfremur kæmi þessi vegur Hellusandi, en þar eru nú um 600 íbúar, í varanlegt samband við sveitirnar sunnanfjalls á Snæfellsnesi og samgöngurnar frá Borgarnesi. Þar sem vegur þessi lægi eingöngu um láglendi, má telja víst, að hann verði akfær nær allan ársins hring. Loks má geta þess, að þar eð landslag á þessu svæði er mjög hrifandi og sérkennilegt, má vænta þess, að ferðamannastraumur yrði mjög mikill um þessar slóðir, ef bilfært væri þar.

Eyrarsveitarveginum er ætlað að koma þessari blómlegu sveit í vegasamband. Í Eyrarsveit eru ágæt skilyrði til landbúnaðar, og auk þess nokkur útgerð, sem mjög gæti aukizt, ef ríkisvaldið vildi greiða fyrir hreppsúum um útvegum skipakosts.

Skógarstrandarvegur er sameiginlegt áhugamál Snæfellinga og Dalamanna, þar eð hann er til þess að tengja saman þessi héruð og koma þeim í samband við vegakerfi landsins.

Hið sama má segja um Hnappadalsvegin, en auk þess skal á það bent, að telja má líklegt, að þessi vegur verði akfær allt árið, þar eð hann liggur um láglendi, en víst er, að vegurinn yfir Kerlingarskarð teppist alla vetrarmánuðina sakir snjóþyngsla.